

**Tölvubréf umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 13. febrúar 2020 vegna auglýsingar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 4 við Skarfagarða.**

**Skarfagarðar 4**, breyting á deiliskipulagi - mál í auglýsingu

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 4 við Skarfagarða birtist í Frétta- og Lögbirtingablaðinu á þriðjudaginn í næstu viku. Tillagan er í kynningu frá 18. febrúar 2020 til og með 31. mars 2020. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð.

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/skarfagardar-4>

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

**Skarfagarðar 4** breyting á deiliskipulagi

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 29. janúar 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 6. febrúar 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skarfabakka Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 4 við Skarfagarða. Í breytingunni felst að bætt er við nýjum byggingarreit suðaustan við núverandi byggingarreit. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **18. febrúar 2020 til og með 31. mars 2020**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 31. mars 2020.** Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Kveðja,  
Þuríður Guðmundsdóttir  
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa skipulagsfulltrúa  
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík  
Sími: 411-1111 - Netfang: [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is)